



MA ritgerð  
Hagnýt menningarmiðlun

# Kaupmaðurinn á horninu

Deyjandi stétt

Sigríður Rut Marrow



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HUGVÍSINDASVIÐ

Maí, 2017  
Háskóli Íslands  
Sagnfræði- og heimspekideild  
Hagnýt menningarmiðlun

# Kaupmaðurinn á horninu

Lokaverkefni til M.A. prófs

Sigríður Rut Marrow

Kt: 140990-2219

Leiðbeinandi: Þórdís Erla Ágústsdóttir

Maí 2017

Pakkir

Það voru margir sem hjálpuðu mér við gerð verkefnisins. Ég vil byrja á því að þakka Þórdísi Erlu, leiðbeinanda mínum sem gaf sig alla fram og fór alla leið með mér í verkefnið. Án hennar hefði þetta aldrei komið svona vel út. Rut Marrow, mömmu minni, sem sýndi mér mikinn stuðning og hjálpaði til að velja myndir, fara yfir texta og svo framvegis. Ívari, bróður mínum, sem mótaði hugmyndina með mér, fór yfir myndir, texta og fleira. Ármanni Gunnarssyni, fyrir að lána mér tæki og búnað og sýna mér stuðning. Dagný Hulda, Silja Runólfsdóttir, Fríða Björk, Elva Miöll Hauksdóttir, Haukur Már Sigurðsson og fleiri sem redduðu mér gistingu á hringferðinni um landið. Kaupmannasamtökunum fyrir að styrkja mig fjárhagslega. Ömmu minni og afa, sem hjálpuðu mér einnig fjárhagslega og skutluðu mér út um allan bæ til þess að sækja græjur og fleira. Sumarliða Ísleifssyni vil ég þakka fyrir stuðning og hjálp við að finna heimildir. Jóhanni Ágúst Jóhannssyni fyrir að lána mér sitt auga á verkið og stuðning.

## Ágrip

Greinargerð þessi er hluti af mastersverkefni mínu í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands og er metið til 30 eininga. Ég tók mér tvær annir til þess að vinna verkið, haustið 2016 og vorið 2017. Verkefnið fjallar um hverfandi menningarheim kaupmannana á horninu. Ljósmyndamiðillinn var notaður til þess að fanga hinn magnaða anda sem býr inn í þessum verslunum, sem ekki er hægt að lýsa með orðum. Ég fór hringinn í kringum landið til þess að heimsækja og mynda alla þá kaupmenn sem eftir eru hér á landi. Ljósmyndirnar voru svo settar saman í bók.

Ljósmyndirnar eru hjartað í þessu verkefni en greinargerðin er nauðsynleg til þess að skilja verkið og verkferlið betur. Í henni fáum við að kynnst framkvæmd verkefnsins, fræðilegum hugmyndum um hvers vegna þeir eru að hverfa, hversdagsleikanum og skyggnumst aðeins inn í sögu kaupmannsins á horninu.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	6
2. Um verkefnið.....	7
2.1. Hugmyndin og markmið.....	7-8
2.2. Markhópar.....	8
3. Menningarleg forsaga.....	9
3.1. Kaupfélögin.....	9
3.2. Sérverslanir.....	9-10
3.3. Kaupmaðurinn á horninu.....	10-11
3.4. Seinni heimstyrjöldin & skömmtnarár.....	11-12
3.5. Sjálfsafgreiðslubúðir - Kjörbúðir.....	12
3.6. Stórmarkaðir og breyttir tímar.....	12-14
3.7. Framtíðin.....	14
4. Undrið í hversdagsleikanum.....	15
4.1. Í gegnum linsu fræðimanna.....	15-16
4.2. Hin vélræna hugsun í neylusamfélagi.....	16
4.3. Tómatssósa og Tómas Guðmundsson.....	16-17
4.4. Menningarleg greining.....	18-21
5. Miðlunarleiðin.....	22
5.1. Innblástur.....	22-23
5.2. Ljósmyndun sem miðill.....	24-25
6. Framkvæmd verkefnisins.....	26
6.1. Fyrir aftan búðarborðið.....	26
6.2. Aðferðafræði.....	27
6.3. Tækniatriði og tækjabúnaður.....	28-29
6.4. Hringferð.....	29-31
6.5. Vinnuskýrsla.....	31-38
6.6. Vandamál.....	38
6.7. Kostnaður og styrkumsóknir.....	39
6.8. Útgáfa.....	39
7. Lokaorð.....	40-41
Heimildaskrá.....	42-44

# 1. Inngangur

Um miðja öldina var hverfiskaupmaðurinn með verslun á nánast hverju einasta götuhorni. Nú hafa stórar verslunarkeðjur tekið yfir markaðinn og ýtt þeim til hliðar. Á blómatíma kaupmannsins á horninu var þjónustan persónulegri en við þekkjum í stórmörkuðum nútímans, fólk hittist í búðunum til að spjalla og fá fréttir og kaupmaðurinn var þannig þáttakandi í lífi hverfisins. Í þá daga settu menn sér það markmið að verða kaupmenn og fóru jafnvel erlendis á námskeið í verslunarstjórn (Jakob F. Ásgeirsson 2014:71-73). Þeir lögðu líf sitt og sál í starfið og langlífi búðanna fór eftir tengslum hans við viðskiptavinina. Kaupmennirnir þurftu að ganga í gegnum súrt og sætt á sínum kaupmannsárum, en meðal annars upplifðu þeir kreppur, skömmunarár, styrjaldir og fleira (Jakob F. Ásgeirsson 2014:9). Blómatími kaupmannsins á horninu er þó liðin tíð. Þrátt fyrir það og tilkomu stórmarkaða standa örfáar hetjur eftir sem með þrautseigju og þrjósku hafa haldið í þennan magnaða anda sem hverfisverslanirnar búa yfir. Það má því með sanni segja að kaupmennirnir á horninu séu meðal annara, hvundagshetjur nútímans.

Ég ferðaðist hringinn í kringum landið í þeim tilgangi að heimsækja og mynda allar þær búðir sem eftir eru og kynnast kaupmönnum. Þetta voru samtals 33 verslanir sem ég heimsótti. Ég hafði mikla ástríðu fyrir þessu verkefni og þykir mér því einstaklega vænt um það, eins og það væri barnið mitt.

## 2. Um verkefnið

### 2.1. Hugmyndin & markmið

Fyrir þetta verkefni ferðaðist ég hringinn í kringum Ísland og heimsótti alla þá kaupmenn og verslanir sem eftir eru sem ekki tilheyra verslunarkeðjum. Hugmyndin kviknaði þegar ég var orðin örvæntingafull að leita mér að efni í stutta heimildarmynd sem ég átti að gera í áfanganum, skapandi heimildarmyndir, hjá kvikmyndagerðarðarkonunni, Höllu Kristínu. Ég var með opin huga og hafði ávallt skrifblokk meðferðis hvert sem ég fór. Allskyns hugmyndir kviknuðu á þessum tíma, misgóðar þó. Ég hafði til dæmis velt því fyrir mér að gera mynd um allar þær breytingar sem eru að verða í miðbænum þar sem gamalgrónar verslanir víkja nú fyrir hótélkeðjum og lundabúðum.

Það var síðan eitt kvöldið sem ég gekk inn í Kjötborg í vesturbænum. Mér fannst mikil upplifun að koma þangað og hafði ég aldrei séð verslun í líkingu við þessa. Ég elst upp við að versla í stórmörkuðum og þekkti ekki annað. Ég vissi þar með að ég vildi gera eitthvað um þennan heim og þennan magnaða anda sem er þar inni. Fyrst datt mér í hug að gera heimildarmynd um verslunina, en mér fannst heimildarmyndaformið ekki viðeigandi fyrir þessa hugmynd. Sem betur fer var ég líka í kúrs hjá Þórdísi Erlu, leiðbeinandanum mínum, ljósmyndir og miðlun, og fannst ljósmyndaformið eiga betur við verkefnið. Mér gekk vel með það verkefni, en fannst það ekki vera fullgert og vildi halda áfram með það.

Sumarið 2016 velti ég því lengi fyrir mér um hvað Mastersverkefnið mitt ætti að vera. Ég var með nokkrar hugmyndir sem ég ræddi við fjölskyldu mína og var ekki viss hvort ég ætti að gera heimildarmynd eða halda áfram með ljósmyndaverkefnið um kaupmennina. Þá kviknaði hugmyndin hjá bróður mínum að fara hringinn í kringum landið og heimsækja og taka myndir af öllum kaupmönnum á horninu sem eftir eru hér á landi. Það kenndi mér hversu mikilvægt það er að tala um verkefnin sín við fólk sem maður treystir, þá koma oft bestu hugmyndirnar því enginn er jú eyland.

Lokamarkmið er að setja efnið fram í bókarformi. Í þessu efni speglast heimur sem er enn fyrir framan okkur en er hverfandi. Ég vildi ná að fanga hann og

skrásetja. Það er líklegt að bókin vaxi í menningarlegu tilliti með hverju árinu sem líður. Það er því vel þess virði að koma verkinu í útgáfu og er það markmiðið.

## 2.2. Markhópar

- Eldra fólk sem man eftir blómatíð kaupmannsins á horninu.
- Ungt fólk, eins og ég, sem finnst þessi hverfandi heimur heillandi.
- Fólk sem hefur áhuga á ljósmyndun, er menningarlega sinnað og fróðleikfúst.
- Ferðamenn sem vilja kynnast parti af menningu landsins.
- Fyrir komandi kynslóðir að njóta og fræðast um heim sem kannski verður horfinn.



### 3. Menningarleg forsaga

#### Verslunarsaga 20. aldarinnar

Til þess að setja verkefnið í víðara samhengi ákvað ég að kynna mér verslunarsögu 20. aldarinnar. Það varpar ljósi á, hvernig þessar verslanir urðu til. Sagan skýrir að hluta til hvernig þessi menningarheimur fer hverfandi. Hér verður hún kynnt í stuttu máli.

Á 20. öldinni áttu sér stað miklar breytingar og sögulegir atburðir sem gjörbreyttu lífnaðarháttum fólks út um allan heim. Þar má til dæmis nefna fyrri og seinni heimstyrjöldina, kreppur og fleira. Á Íslandi varð helsta breytingin sú að landsmenn umbreyttust frá sjálfsþurftarbúskap yfir í iðnsamfélag og neyslan fór vaxandi meðal almennings (Árbæjarsafn 2014:2).

#### 3.1. Kaupfélögin

1.apríl, árið 1855, samþykkti danska stjórnin að Ísland fengi algert verslunarfrelsi (Lýður Björnsson 2005:21). Upphaf kaupfélagana má rekja til þess að bændur stofnuðu samtök um verslun á landbúnaðarafurðum sínum víðsvegar um landið á 19.öldinni. Þessi samtök bænda urðu síðar að kaupfélögum sem átti stóran þátt í því að Ísland varð sjálfstætt efnahagslega séð (Árni Daníel Júlíusson 2014). Kaupfélögin tóku smátt og smátt yfir og fyrsta formlega félagið var stofnað 1882: Kaupfélag Þingeyinga (Lýður Björnsson 2005: 22).

Kaupfélögin hafa einnig tínt tölunni með tilkomu stórmarkaða, en þó eru nokkur enn starfandi, á Hvammstanga, Fárskrúðsfirði, Sauðárkróki, Borgarfirði, Suðurnesjum og á Steingrímsfirði. Í bókinni fáum við að kynnast einu þeirra, Kaupfélagi Steingrímsfjarðar.

#### 3.2. Sérverslanir

Um og upp úr aldamótunum 1900 fór að myndast þéttbýli í Reykjavík. Verslun óx hratt, hraðar en annarsstaðar á landinu og var Reykjavík aðal verslunarhöfn landsins. Einnig var hún aðal heildsölumiðstöð landsins og um 70% allra kaupsiglinga Íslendinga fór um Reykjavíkurhöfn (Lýður Björnsson 1992:88-89).

Í kjölfarið af þéttingu byggðar og auknum verslunarrekstri fer að myndast markaður fyrir sérverslanir. Með þeim varð vöruúrvalið fjölbreyttara og „hafði í för með sér nýjan heimilisbrag og nýjar kröfur til þess, sem kallað var gott eða mannsæmandi líf - eða var nefnt nýr lúxus af þeim sem aðsjálfir voru“ eins og Vilhjálmur Þ. Gíslason orðaði það. Sérverslanir opnuðu hver á fætur annarri við lok 19. aldar í Reykjavík. Bóka- og úrbúðir, skóbúðir, hannyrða & vefnaðarvöruverslanir og fleiri og fleiri dúkkuðu upp (Lýður Björnsson 1992:89-91).

### 3.4. Kaupmaðurinn á horninu

Tímabil kaupmannsins á horninu og sérverslana stóðu í hámarki á árunum 1916-1955. Árið 1905 voru 75 verslanir og ein heildverslun í Reykjavík en árið 1903 voru 282 verslanir á landinu öllu. Árið 1952 voru 1423 smávöruverslanir á landinu öllu og 239 heildverslanir, en 826 af smávöruverslunum voru staðsettar í Reykjavík og bjuggu rúmlega 140.000 manns á landinu (Lýður Björnsson 1992:93-95). Þá héldu margir þeirra uppi lánsverslunum þar sem menn skrifuðu hjá sér og greiddu um mánaðarmót en sumir einu sinni eða tvisvar á ári. Það mynduðust því nán tengsl á milli kaupmannsins og viðskiptavina, sem gat oft haft mikið að segja um langlífi hverrar verslunar fyrir sig (Lýður Björnsson 1992:99).

Hinn dæmigerði kaupmaður á horninu var sá sem afgreiddi vörunar yfir búðarborðið. Þá ægði vörunum öllum saman fyrir innan borðið og voru kaupmenn almennt ekki mjög kurteisir eins og við erum vön. Miklar breytingar urðu þó á verslunarháttum þegar sérverslanirnar tóku við. Talið er að Þorlákur Ó. Johnson sem hefur verslunarrekstur sinn í Reykjavík árið 1881 hafi haft veruleg áhrif á breytingar í búðarrekkstri hér á landi. Hann var menntaður í verslunarfræðum og kunni vel fyrir sér í kurteisissíðum og lagði áherslu á að viðskiptavinurinn hefði ávallt rétt fyrir sér. Þorlákur var jafnframt brautryðjandi í auglýsingagerð og gluggaskreytingum, en lítið var um að verslunareigendur auglýstu búðina sína fyrir tíma Þorláks (Lýður Björnsson 1992:100-103).

Á dögum kaupmannsins á horninu voru ísskápar sjaldséðir á heimilum fólks. Vörum var ekki pakkað inn í vélum og þurftu kaupmennirnir að kaupa inn vörunar í heilum sekkjum eða kössum, sem þeir síðan vigtuðu í smærri einingar. Afgreiðslumaðurinn vigtaði þá vöruna, sem oftast voru geymd í skúffum fyrir

innan afgreiðsluborðið, jafn óðum og viðskiptavinurinn keypti þær. Skyrinu var til að mynda pakkað inn í smjörpappír, ostarnir komu í stórum einingum og voru skornir niður með stálvír. Menn komu gjarnan með fjölnota umbúðir með sér og fengu vigtað í þær (Jón Páll Halldórsson 2007:35-37).

Það virðist vera að kaupmaðurinn á horninu hafi lengi gegnt því hlutverki að vera nokkurskonar félagsmiðstöð hverfisins. Þetta má rekja allt til ársins 1870 þegar búðirnar gegndu hlutverki samkomu- og skemmtistaða í Reykjavík. Brennivín var selt í staupum og þegar kvölda tók fylltust búðirnar af fólki og endaði samkoman oft með ósköpum. Bann var sett á staupasöluna síðar meir og talið er að kaupmenn hafi átt þátt í því til að koma í veg fyrir hangsið í búðunum, en búðirnar voru oft fullar af fólki sem ekki keyptu neitt. Margir kaupmenn þurftu að grípa til þeirra ráða að banna svokallaðar „búðarstöður“. Það þýddi s.s. að þeir sem ætluðu ekki að kaupa neitt, máttu ekki standa í búðinni. Fram á 4. áratuginn töluðu kaupmenn um að búðirnar hafi verið ákveðnir fundarstaðir þar sem menn hittust til að segja og fá fréttir. Fólk hafi gengið inn og út úr hverri búð á fætur annarri á Laugaveginum til að hitta mann og annan. Í dag er það sérstaða kaupmannsins á horninu að fólk hittist þar inni til þess að spjalla um daginn og veginn og er það sprottið frá tímum „búðarstöðu“ menningarinnar (Lýður Björnsson 1992:96-98).

### 3.5. Seinni heimstyrjöldin & skömmunarár

Árið 1939 hefst seinni heimstyrjöldin í meginlandi Evrópu. Fyrst kemur hingað breskt herlið til verndar og ári síðar tók Bandaríkjaher við. Hér voru þúsundir hermanna, mest í Reykjavík og ólíkt því sem var að gerast annarsstaðar í Evrópu, hafði það í för með sér mikla lífskjara breytingu. Hermennirnir komu hingað með atvinnu og erlendan gjaldeyri og opnuðu fleiri kaffihús, skemmtistaðir og kvikmyndahús. Bandarísk menning setti svip sinn á landann með djassi, hasarblöðum, tyggigúmmí, Coca Cola og svo framvegis (Árbæjarsafn 2014:23-25). Þjóðin náði að safna miklum gjaldeyri á þessum tíma þar sem mikið fékkst fyrir fiskinn okkar. Þetta voru næstum því allar tekjur ríkissjóðsins, á árunum 1945-1947, og margir töldu það réttast að eyða honum eftir stríð í að efla atvinnulífið. Tekjurnar skiluðu sér ekki eins og vonast var til og árið 1947 gátu

bankarnir ekki staðið undir sínu. Ríkisstjórnin taldi því mikilvægt að spara ætti gjaldeyrin, skammta ákveðnar innflutningsvörur og þjóðin ætti að versla íslenskt. Þá setti hún á svokallaða skömmunarstjórn. Skömmunarárin voru í hámarki á árunum 1930-1940 og 1947-1950 (Lýður Björnsson 2005:32). Landsmenn fengu svokallaða skömmunarseðla og skömmunarbók og stýrðu ríkisvöld neyslu landsmanna (Vísindavefurinn 2009). Menn biðu gjarnan fyrir utan verslanir heila nótt þegar fréttist af vörusendingum. Fólk barðist um skó í verslunum sem kallað var "bomsu-slagur". Skömmunarárin settu því aldeilis svip sinn á samfélagið. (Jón Páll Sigurðsson 23-26) Það dró verulega úr skömmuninni árið 1950 þegar samið var frumvarp sem miðuðu að því að afnema þessi höft, en bar þó á þeim fram á 6. áratuginn. En meginbreytingin varð ekki fyrr en Ísland varð aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) árið 1972 (Jón Páll Sigurðsson 2007:31).

### 3.6. Sjálfsafgreiðslubúðir - kjörbúðir

Á norðurlöndum og Ameríku voru að ryðja sér til rúms eins og voru kallaðar á þeim tíma, sjálfsafgreiðslubúðir. Vörurnar höfðu ávallt verið afgreiddar yfir búðarborðið og voru Íslendingar óvanir því að ná sjálfir í vöruna. Nokkrir íslenskir kaupmenn höfðu heimsótt slíkar búðir í Svíþjóð og þeim fannst að Ísland ætti nú ekki að vera eftir á í þessari þróun (Benedikt Gröndal 1953). Menn höfðu þó áhyggjur af því að með slíkum búðum væru dagar kaupmannsins á horninu taldir. En kaupmaðurinn á horninu ákvað þó að fylgja þessu eftir og breyttu þeir búðum sínum í sjálfsafgreiðslubúðir og þótti það mikil bylting (Árbæjarsafn 2014:30).

### 3.7. Stórmarkaðir og breyttir tímar

Eftir haftatímabilið fór vöruúrvalið að aukast. Það var árið 1959 þegar ný tegund af verslun var stofnuð af Pálma Jónssyni, Hagkaup. Þetta var svokölluð afsláttarverslun sem sótti sér fyrirmyndar til Bandaríkjanna. Markmiðið var að selja sem mest af vörum, eins ódýrt og hægt var og að halda kostnaðinum í algjöru lágmarki. Hagkaup var hinn fyrsti stórmarkaður hér á landi, en þá var selt í stórum sekkjum og kössum og menn afgreiddu sig sjálfir. Landsmenn voru ekki vanir því að fá ekki þetta hlýja viðmót sem þeir fengu frá kaupmanninum á horn-

inu, en tóku þó vel í þetta verslunarform. Kaupmennirnir á horninu tóku hinsvegar ekki vel í slaginn en það var lítið við þessu að gera. Stórmarkaðir voru á þessum tíma að ryðja sér til rúms og árið 1970 opnar Hagkaup annað útibú í Skeifunni. Vegna stærðar sinnar gátu þeir gert innkaup á betri kjörum. Þar með varð staða kaupmannsins á horninu og minni kaupfélaga á markaðinum erfiðara með hverju árinu sem leið (Jón Páll Halldórsson 2007:32-33).

Ný hugmyndafræði og byltingar eru að eiga sér stað á þessum tíma, en á 7. áratugnum var farið að berjast fyrir auknu jafnrétti kynjanna. Miklar tæknibyltingar ryðja sér til rúms, sér í lagi varðandi raftæki og fjölgaði frystikistum, uppvottavélum og öðrum heimilistækjum sem létta átti húsverkin, á heimilum landsins. Vöruúrvalið hafði aldrei verið meira sem leiddi af sér meiri neyslu og fólk fór oftari í frí erlendis sem kallaði á tvær fyrirvinnur. Breyttir neysluhættir og fjölskyldumynstur þýddi að verslunarvenjur breyttust í kjölfarið. Hér áður fyrr voru fóru húsmæður/feður á milli verslana á hverjum degi þar sem ekki voru til ísskápar eða frystikistur. Þau fóru þá í fiskbúðina, kjötbúðina, mjólkurbúðina og svo til kaupmannsins á horninu. Með tvær fyrirvinnur gafst minni tími í að sinna heimilinu og í eldamennsku og hvað þá að versla. Það þótti því hagstæðara að versla allt í einni ferð, einu sinni í viku (Árbæjarsafn, 2014:40-52).

Árið 1989 opna feðgarnir Jóhannes og Jón Ásgeir sína fyrstu Bónus verslun og gerði það í raun útslagið fyrir kaupmanninn á horninu. Þetta var talin mikil bylting í samfélaginu vegna þeirra góðra kjara sem þeir buðu upp á með lágu verðlagi, en samkvæmt verðkönnunum dagblaðanna á þessum tíma, hafi orðið helmingismunur á verði á innkaupakörfu. Viðtökurnar voru góðar hjá landsmönnum og er óhætt að segja að verslunarhættir íslendinga hafi gjörbreyst út frá því. Menn fögnuðu þessu lága verði, en söknuðu um leið þeirri persónulegu þjónustu og hlýju sem kaupmaðurinn bauð upp á. Í dag, 2017, eru Bónusverslanirnar samtals 29 á öllu landinu (Bónus, e.d.).

Þegar stórmarkaðir litu dagsins ljós má greina í umræðunni sem átti sér stað í dagblöðum landsins, að fólk hafði verulegar áhyggjur af því að kaupmaðurinn væri að hverfa og spáðu honum ekki góðu gengi. Þeir voru jafn framt nefndir síðustu mótíkarnir eða geirfuglarnir þar sem margir þeirra hurfu, með tilkomu nýrrar verslunarháttá. Eftir að hafa rætt við alla kaupmenn sem eftir eru hér á

landi, eru þeir allir sammála því að verulega skökk samkeppnisstaða ríkir í viðskiptum heildsalanna, birgjana við þá og mismunurinn á innkaupsverði sé gríðarlegur. Þá er jafnvel ódýrara fyrir þá að versla í Bónus heldur en við heildsalana.

### 3.8. Framtíðin

Á aðalfundi Samtaka verslunar og þjónustu, árið 2005, flutti Jón Ásgeir, einn stofnandi Bónus, erindi um framtíð verslunar á Íslandi. Meðal annars sá hann fyrir sér að færri aðilar yrðu ráðandi í matvöruverslun, aukning yrði á lífrænt ræktaðri vöru og „self scanning“ búðir myndu fljótlega koma hingað til lands (Lýður Björnsson 2005:37-38). Þetta hefur meira og minna ræst. En hver er framtíðin í dag, 2017 ?

Það er erfitt að spá fyrir hvað framtíðin býr í skauti sér, en margt getur maður ímyndað sér. Það virðist vera, eftir að hafa rætt við kaupmennina, að í fæstum verslunum muni einhver í fjölskyldunni taka við, svo margar af þessum verslunum munu hverfa með þeim. En nú þegar tími neyslunnar, skyndirétta og örbylgjuofna hefur verið í hámarki er fólk í auknum mæli farið að verða meðvitaðra um það sem það kaupir. Það hafa sprottið upp ýmsar nýjar hverfisverslanir í Reykjavík á borð við Frú Laugu sem selur ferskar matvörur frá bændum. Maður getur þá ímyndað sér að kaupmaðurinn á horninu muni lifa áfram, en í annarskonar mynd. Ferðamennskan hefur einnig aukist gríðarlega á síðustu árum sem hefur bjargað mörgum af þessum verslunum. Nokkrar verslanir hafa þó neyðst til þess að taka þá ákvörðun að gerast partur að keðju eins og Krambúðin, Sunnubúð, Þín Verslun Seljabraut og fleiri.

Það er óhjákvæmilegt að versla ekki við Bónus eða aðra stórmarkaði enda lifum við á öðrum tímum. Það er erfitt að ímynda sér að fyrir ekki svo löngu síðan voru epli og appelsínur munaðarvörur sem íslendingar fengu aðeins á jólnum. Fiskibollur og niðursoðnir ávextir í dós þótti lúxusmatur. Vöruúrvalið er orðið það mikið að við getum útbúið okkur og keypt rétti frá öllum heimshornum og keypt okkur eins mikið kaffi, sætabrauð og föt og við eigum efni og lyst til.

En hverjir voru það sem ruddu brautina ? Er ekki rými fyrir bæði stórmarkaði, verslunarkeðjur og kaupmanninn á horninu í samfélaginu ?

## 4. Undrið í hversdagsleikanum

David Inglis bendir á að ekkert virðist vera meira gefið en daglega, hversdagslega rútinan okkar. Flest okkar eyða dögum okkar í að gera hluti sem eru orðnir svo hversdagslegir að það virðist varla vera þess virði að tala um þá. Hvort sem það er að taka til í geymslunni, þrifa sameignina, spjalla við nágrannan, fá okkur kaffibolla, fara út að labba eða fara út í búð. Röð hversdagslegra hluta gera líf okkar að veruleika. Hversdagsleikinn er það landslag sem er næst okkur, sá heimur sem oftast er heimsóttur: það sem við gerum oftast, heimilið okkar og svo framvegis. Ef einhver myndi biðja okkur um að lýsa daglega lífi okkar myndum við örugglega eiga í erfiðleikum með að segja frá einhverju áhugaverðu. Ég myndi ef til vill reyna að segja frá einhverju sem gerði daginn minn frábrugðinn öðrum dögum. Það er erfitt að setja í orð það sem maður tekur sem sjálfsögðum hlut á hverjum degi í lífi manns og setur vanalega ekki í orð (Inglis, David: 2003:1-3). Það er þó staðreynd að hið hversdagslega hjá einum getur verið hið óvenjulega hjá öðrum.

### 4.1. Í gegnum linsu fræðimanna

Þegar hversdagsleikinn er skoðaður út frá bæði heimspekilegum og félagslegum augum er hann mjög mikilvægur. Hann gerir okkur kleift að skynja og skilja tíðarandann og hvað er í gangi í samfélaginu. Þekktir fræðimenn á borð við Karl Marx, George Simmel, Max Weber og fleiri, könnuðu það sem er okkur kunnuglegast í hversdagsleikanum. Þeir tóku eftir því undarlega og dularfulla í daglega lífi og við tókum gjarnan ekki eftir. George Simmel vildi meina að í hversdagsleikanum leyndist ákveðin fagurfræði og meiri mikilfengleika en við getum ímyndað okkur. Að finna töfrana í því sem er alltaf beint fyrir framan okkur krefst rýni gáfu. Að rækta næmni fyrir þessu hversdagslega gerir okkur kleift að taka eftir þessum litlu, fallegu atvikum/hlutum í samfélaginu sem annars þykja ómerkilegir. Hversdagsleikinn er í raun það sem skilgreinir menningu okkar.

Hæfileikaríkir listamenn ögra oft ákveðnum þáttum í samfélaginu og lýsa tíðarandanum. Þeir fá áhorfandann til að sjá hverdagslega hluti í nýju ljósi og þá

kemur hann auga á hringiðuna og fíranleikan sem hann tekur þátt í. Listamenn og rithöfundar benda oft á undrið í hversdeginum og setja það fram á nýjan máta.

#### 4.2. Hin vélræna hugsun í neyklusamfélagi

Þegar hin vélræna klukka kom til sögunnar á 14. öldinni og staðlaði tímann, hafði það mikil áhrif á daglegt líf fólks og vinnumynstur. Klukkan ein og sér bar ekki ábyrgðina á öllum breytingunum, heldur var það upplifun fólks og framsetning á tímanum sem hafði áhrif á samfélagið allt, og staðlaði starfshætti kirkjunnar, skólanna, spítalanna og svo framvegis (Highmore, Ben 2003: 5-11). Karl Marx skoðaði þennan vélræna heim og taldi að mannskepnan væri orðin fjarlæg raunveruleikanum. Til að vera góður þegn í kapitalísku samfélagi, þá mætir þú klukkan 9, skrúfar skrúfu númer 10 á færibandinu í verksmiðjunni í 8 klukkutíma. Þar er engin krafa gerð um hugsun eða sköpunarkraft. Þú kemur heim úr vinnunni, þreyttur og hlakkar til að fara gera eitthvað skemmtilegt. Hann sagði að það væri búið að smætta öll mannleg tengsl niður í peningatengsl og að við séum búin að missa sjónar á því að við séum hluti af náttúrunni. Við kunnum ekki lengur að búa til hluti og oftast nær vitum við heldur ekki hver býr til hlutina sem við kaupum. (Highmore, Ben 2003:6-7).

Max Weber vildi meina að tæknibyltingarnar væru ekki það eina sem hafði áhrif á hið nútíma, kapitalíska, vestræna samfélag. Heldur væri það einnig þróun og breytingar á samfélagsgerðinni sjálfri. Hann taldi að nútíma líf sé í ákveðnu „járnbúri“ og fyrir honum er það andstæða spontant gleði og hann ímyndaði sér þennan tíma sem voru fullir af fegurð og mannlegum anda, hverfandi (Highmore, Ben 2003:8-11).

#### 4.3. Tómatssósa og Tómas Guðmundsson

Í þessu verki reyndi ég að fanga síðustu kaupmenn og kjörbúðir hér á Íslandi. Ég tók myndir af því er virðast mjög hversdagslegir hlutir. Fólk að hitta hvort annað út í búð og ræða um pólitík, kaupmennirnir í sínu hversdagslega umhverfi, inn á kaffistofunni að ræða heimsmálin og svo framvegis. Ég reyndi eftir fremsta megni að fanga þennan raunveruleika og hinn hlýlega mannlega anda.



Það er hægt að fullyrða að myndirnar séu nálægt því að vera ægifagarar. Allir litirnir, hillurnar, vörurnar og umbúðirnar mynduðust afar vel. Þetta varð að hálfgerðu listaverki. George Simmel hefði líklegast sagt að ég hefði fundið fagurfræðileikan í búðunum.

Þegar litið er á myndirnar mætti ef til vill halda að hér væri um leikmynd að ræða, en stundum er raunveruleikinn ótrúlegri en leikrit og leynast litbrigði lífsins á ótrúlegustu stöðum. Vörunum er stillt upp á súrrealískan hátt þar sem öllu ægir saman, eins og tómatsósú stillt upp við hliðina á ritum eftir ljóðskáldið Tómas Guðmundsson. Maður finnur fyrir því að uppstillingar eru mannlegar og að það sé einhver sem hefur skapað þær. Það er ákveðinn karkakter í þessum samsetningum og hverri búð fyrir sig. Í stórmörkuðum hinsvegar er öllu raðað út frá kerfi og búið að hanna heildarmynstur fyrir allar búðirnar.



### 4.3. Menningarleg greining

#### Menningararfur

Umræður um menningararinn hefur færst gríðarlega í vöxt á síðustu áratugum. Menningararfurinn er það sem við varðveitum, áþreifanlegt og óáþreifanlegt, í sinni upprunalegri mynd fyrir komandi kynslóðir að njóta og gefur þannig tilfinninguna fyrir uppruna, samstöðu og sérstöðu hópa eða samfélaga. Hin sértæka menning virðist vera í stöðugri útrýmingarhættu og með því breytast tiltölulega hversdagslegir hlutir sem við annars veittum engri athygli að, í menningararf (Valdimar Th. Hafsteinn, 2006).

Þjóðfræðingurinn Valdimar Th. Hafsteinn hefur velt fyrir sér merkingu menningararfsins í nútímasamfélagi og telur að annars vegar eigi hnattvæðingin stóran þátt í útbreiðslu hans. Hnattvæðingin fletur allt út í sömu mynstur og sérstaða hvers lands máist út. Hann vill meina að menn virðast alltaf vera á "elleftu stundu" við að bjarga ólíklegustu hlutum. Menningararfurinn er ákveðið andsvar við þeim hröðu samfélags breytingum sem eru að eiga sér stað þar sem hann skapar tilfinningu fyrir þessari sérstöðu hjá hverjum hópi eða samfélagi. (Valdimar Th. Hafsteinn, 2006).

#### Síðustu geirfuglarnir

Hverfandi heimur kaupmannana er merki um breytingu í venjum okkar/rútínu eða þessum hversdagslegum hlutum sem við tökum sem gefnu. Þær munu verða og eru í raun orðnar framandi fyrir ákveðnar kynslóðir fólks. Hugsunarhættir í verslun og viðskiptum hafa, eins og nefnt hefur verið, gjörbreyst á síðustu áratugum. Þegar við göngum inn í stórmarkaði, fáum við aldrei að hitta eigandann, heldur tekur við okkur vélrænt afgreiðslufólk, sem er orðið þreytt á tilverunni. Það eru oftast ungir krakkar sem eru að hefja menntaskólagöngu eða eru í millibilsástandi. Það þykir ekki eins virðingarvert að vinna í matvöruverslun og það þótti hér áður fyrr, þegar menn lögðu líf sitt og sál í starfið. Enda fylgir ekki neitt skapandi með starfinu lengur nema að skanna inn vörur og fylla á hillurnar. Þú ert þar með bara ein skrúfa í stóru gangverki og færð sjálfur ekki að

hitta eigandann á versluninni, eða veist jafnvel ekki hver hann er. Vöruúrvalið er orðið það mikið að við fáum valkviða og hillurnar fullar af dóti sem við í raun höfum ekkert að gera með. Grunnþarfir mannsins hafa breyst í verslunarvöru og vandamálin eru leyst með neyslu. Mannskepnan fyllir í tómið með nýrri vöru, og fólk virðist alltaf vilja meira, stærra og betra. Markmið fólks og tilgangur í neyslusamfélagi, er meiri neysla og verður þetta því ákveðinn vítahringur (Vís-bending, 2006).

Nútíma kaupmenn á horninu eru persónulegir, mannlegir, eru ekki í samkeppni og hugsa ekki um gróða sem upphaf og endi alls. Eins og Einar Strand fyrrum kaupmaður á horninu orðaði það eftir að hafa þurft að loka verslun sinni: „Ég kveð verslunarstörfin ríkur af minningum þó ekki sé hægt að segja það sama í peningamálum“ (Morgunblaðið 1997). Það sem heldur þeim sem eftir eru gangandi, eru þessi mannlegu samskipti og nándin við nærumhverfi sitt. Það er ekki að ástæðulausu að það skapast sérstakt andrúmsloft í þeim hverfum þar sem kaupmaðurinn á horninu lifir enn. Þar má sérstaklega nefna Vesturbæinn, þar sem hann lifir góðu lífi. Fólkið í því hverfi, hefur komið sér saman um að versla við þessa kaupmenn þar sem þau gera sér grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem hann gegnir fyrir hverfið sitt. Fyrir vikið verður eftirsóknarverðara að búa í hverfinu og má því leiða líkum að því að þegar uppi er staðið eru það góð mannleg samskipti sem fólk sækist eftir og að tilheyra hóp eða hverfi. Það er grundvallarþörf og meðfætt mannkyninu að vera hluti af heild og vera í nánnum samböndum við fólk. Sé maður það ekki, hefur það mikil áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu sem síðan hefur áhrif á hegðun fólks. Ennfremur virðist skortur og höfnun á þessu grundvallaratriði leiða til raunverulegan, líkamlegan sársauka (Geneviève L. Lavigne, Robert J. Vallerand, and Laurence Crevier-Braud 2011:1185-1201).

Við stöndum á tímamótum þar sem við göngum inn í tímabil alþjóðavæðingarinnar sem fletur allt út í sömu mynstur. Stór fyrirtæki taka yfir verslun allstaðar, með peningum. En Bónus, Samkaup og 10/11 hafa tekið við af mörgum af þessum kaupmönnum. Hverfandi heimur kaupmannana er því bein afleiðing þessa. Hraðinn er orðinn það mikill í nútímasamfélagi að breytingarnar sem eru að eiga sér stað fara gjarnan framhjá okkur.

Eftir að hafa tekið viðtöl við alla kaupmennina, hef ég komist að þeirri niðurstöðu að þessar verslanir virðast allar eiga það sameiginlegt að vera nokkurskonar félagsmiðstöð þeirra hverfa/bæja sem þær eru í og eru mikilvægur partur af daglegu lífi fólks eða hversdagsleikanum. Í litlum bæjarfélögum eru þessar verslanir oft eini samkomustaðurinn fyrir bæjarbúa. Þar inni getur fólk rætt allt frá pólitík til alvarlegra andlegra tilfinningamála. Á mörgum stöðum bjóða kaupmennirnir upp á heimsendingar til þeirra sem ekki komast út, eins og til eldra fólks eða þeirra sem hafa slasað sig í hálkunni. Einnig eru flestir þeirra í hlutverki sálfræðings, fyrir þá sem hafa enga aðra til þess að tala við. Á tímum ópersónulegra samskipta, streitu, kvíða, og stórra verslunardeþja er rík þörf fyrir nándina sem kaupmennina á horninu veita. Það er því óhætt að segja að starfandi kaupmenn á horninu séu hvunndagshetjur nútímans.

Örlygur Sigurðsson, listmálari kom því svo vel í orð hversu mikilvægir kaupmennirnir eru fyrir samfélagið okkar í lesbók Morgunblaðsins:

*„Góður kaupmaður á horninu, má alltaf vera að því að hlusta jafnframt að afgangi og leysa hvers manns vanda. Stundum er hann eini tengiliðurinn sem sumt einmana fólk í fjölmenninu hefir við samferðamenn sína á hálum og skrykkjótum lestargangi lífsins. Þegar vel lætur er hinn góði kramari kannski holdi klædd lánastofnun og skrifar af meðfæddri góðsemi hjá fleirum en standa í skilum. Þannig er hann sannkölluð hjálparhella lítilmagnans. [- -] Kaupmaðurinn á horninu er stundum meira en smávörumiðlari. Hann er líka sálusorgari, líknarstofnun og læknir, bara með því að hlusta þolinmóður á einhverjar nöldurskjóður og viðskiptasálir rekja raunir sínar. [- -] Góð og lifandi krambúð getur verið fullt eins þörf heilu bæjarhverfi og lífrænni en líflaus og dauð kirkjubygging. Fyrir kemur að kaupmaðurinn á horninu geri kraftaverk með brjóstsykursmola eða smá heftirplástursbleði þegar grátandi og ósjálfbjarga barn úr hverfinu hefir skrámað sig eða flumbrað. [- -] Okkur líður bærilega hjá kaupmanninum á horninu. Þar er hægt að iðka og ástunda ótakmarkað málfrelsi á skemmtilega og lifandi vísu. Þar er spjallað um allt milli himins og jarðar í létum dúr. Þannig getur innkaupaferð orðið að sannkölluðu skemmtiferðalagi. Ekki veitir nú af að lífga lítillsháttar upp á tilveruna eftir endalausum rigninguna. [- -] Nú ætlar nútíminn að taka af skarið og sjóða niður síðustu kaupmennina á horninu fyrir fullt og allt. Starfstétir hverfa og aðrar nýjar koma í staðinn. Dýrategundir eins og mam-*

*mútar, geirfuglar og ótal fleiri furðuskepnur fara sömu leið. Þannig er lífið og þannig er framþróunin í mannheiminum og dýraríkinu” (Örlygur Sigurðsson 1983).*

Ég myndaði heim sem fer hverfandi og hafa nokkrar búðir lokað á þessu ári sem ég hef verið að vinna verkið. Það má deila um það hversu mikilvæg heimild þetta verður í framtíðinni. Ég tel samt sem áður að bókin verði merkilegri eftir því sem árin líða og að menningarlegt gildi hennar muni halda áfram að vaxa með tímanum. Það verður ómetanleg fyrir komandi kynslóðir að geta skoðað menningarheim sem mögulega verður algjörlega horfinn og fyrir þá sem muna og kalla fram minningar.

## 5. Miðlunarleiðin

Í hagnýtri menningarmiðlun öðlumst við mörg ný verkfæri til þess að miðla efni og verðum þar með ekki sérfræðingar á einum miðli. Þetta opnar nýja heima og möguleika til þess að koma frá sér hugmyndum sínum. Áður en ég kom í námið hafði ég mikinn áhuga á að læra heimildarmyndagerð og vildi sérhæfa mig í því. Það breyttist með tímanum og hefði mér ekki dottið í hug að lokaverkefnið mitt yrði á ljósmyndaformi fyrir einhverju síðan.

### 5.1. Innblástur

Margir ljósmyndarar hafa notað hversdagsleikann í verkum sínum og má þar helst nefna Martin Parr og William Eggleston. Þeir báðir veittu mér gífurlegan innblástur fyrir mitt verk. Eggleston sem er stundum talinn faðir litaljósmyndunar og talaði um að finna fegurðuna í hinni venjulegu, hversdagslegu stund. Hann tekur myndir af hversdagsleikanum, frá sínu sjónarhorni (Feeney, Mark 2011).

Ljósmyndir hans segja sögu daglegs lífs og menningu í litlum borgum og úthverfum í suður – Ameríku. Eggleston opnaði grundvöll fyrir nýrri tegund af ljósmyndun með því að fókusera á helstu tákn nútímavæðingarinnar. En á þessum tíma voru stórmarkaðirnir og verslunarkerðjur að ryðja sér til rúms á vesturlöndum. Hann tók myndir af vegum, bílum, stórmörkuðum, auglýsingaskiltum, verslunarmiðstöðum, bílastæðum, tísku og öðrum hlutum sem þóttu mjög hversdagslegir (David Zwirner Books 2015). Eggleston var frumkvöðull í að benda á hið sértæka í hinu hversdagslega.



Martin Parr er einn af þeim sem varð fyrir áhrifum af Eggelston. Ljósmyndir Parrs brúa bilið á milli þess að vera list og heimildarljósmyndun. Í verkum hans má oft sjá ofurvenjulega hluti eins og mat, fólk að tala í síma, versla, í sólbaði og svo framvegis. Við fyrstu sýn virðast myndir hans ýktar, mótsagnakenndar og undarlegar en í raun er undirtónninn með verkum hans skörp ádeila á heiminn og neyklusamfélagið. Hann hefur sérstaka lagni við að fanga hversdagslega atburði með miklum húmor og satíru og fá okkur til þess að hlæja af sjálfum okkur (Martin Parr 2016) Martin Parr er einnig þekktur fyrir að nota mikla og sterka liti í myndum sínum. Hann hefur eins og Eggelston verið umdeildur, en mörgum hafa þótt myndirnar hans leiðinlegar. Hann hefur aldrei almenninlega skilið það þar sem hann segist mynda venjulega hluti og svaraði gagnrýninni með því að segja að fólki finnist skrítíð að hann fari út í stórmarkaðina að mynda venjulegt fólk, en það sé fullkomnlega ásættanlegt að mynda hungur eða stríð (Liv Ziddall 2016).



## 5.2. Ljósmyndun sem miðill

Ljósmyndun hefur á tiltölulega stuttum tíma orðið stór partur af hversdags- og fjölskyldulífi okkar, ferðalögum, og svo framvegis. Heimurinn hefur breyst frá því að allt var skráð og flokkað með orðum í að vera orðinn myndrænn og allt er skráð og flokkað með myndum. Við getum til dæmis flett því upp hvernig ömmur okkar og afar, foreldrar okkar og við sjálf litum út sem börn (Susan Sontag 2005:72). Í dag eru allir með myndavélar í vasanum sínum og fylgir stöðugur straumur ljósmynda hversdagsleika okkar. Ljósmyndamiðillinn hefur því tekið við af hinu ritaða máli sem öflugasta leiðin til þess að koma frá sér efni (Susan Sontag 2005:58). En hvers vegna valdi ég ljósmyndamiðilinn fyrir þetta verk ?

Með ljósmyndum gef ég fólki tækifæri á að staldra við og skoða. Það er nauðsynlegt, þar sem það er mikið efni á hverri mynd. Ég vildi ná að fanga þennan mannlega og tilfinningalega anda sem gerir þessar verslanir svo sérstakar. Andanum er erfitt að lýsa og koma í orð - þess vegna valdi ég að taka ljósmyndir. Það hefði tekið langan tíma og verið erfitt að fanga þetta stóra viðfangsefni með heimildarmynd. Susan Sontag vildi meina að kvikmyndin sé stöðugur straumur mynda þar sem næsta mynd afmáir hina. En ljósmyndirnar eru hinsvegar vandlega valin augnablik sem má geyma og glugga í aftur (Susan Sontag 2005:51-52). Þessi heimur kaupmannanna á horninu er hverfandi og tel ég hann varðveitist best í ljósmyndabók. Sontag talar einmitt um að ljósmyndir séu í raun ódauðlegar og með því að taka myndir gefur viðkomandi hlut eða manneskju ákveðið mikilvægi sem það hefði mögulega ekki öðlast (Susan Sontag 2005:45).

Verkið er marglaga. Í fyrsta lagi er það sagnfræðilegt í þeim skilningi að það er minnisvarði um þessar búðir, en ljósmyndir hafa lengi verið ein mikilvægasta heimild sagnfræðingsins (Guðjón friðriksson 1987:67-69). Í öðru lagi er félagsfræðilega hlið þessa heims heillandi, hver verslun er einskonar félagsmiðstöð fyrir hverfið eða bæinn. Hér er varpað myndrænu ljósi á viðskiptavinina og eigendurna mikilvægi þessara verslana fyrir samfélagið. Það var mikilvægt að gefa sér tíma inn í hverri verslun til að kynnast búðareigendunum og viðskiptavinum. Þannig náði ég oft réttum augnablikunum og sterkum myndum. Í þriðja lagi er verkið fagurfræðilegt. Þessi heimur er heillandi útlitslega og gefur sterka möguleika á að skapa úr honum myndverk. Formin og litirnir í búðunum gerir



þær að sérstaklega góðu myndefni. Sontag vill meina að ljósmyndunin hafi tvö sjónarhorn, hið fagurfræðilega og hið hagnýta. Hún fangar fegurðina og skrásetur það sem fyrir auga (Susan Sontag 2005:83-84). Ég er í raun að gera bæði, skrásetja og finna fegurðina í verslunum kaupmanna landsins.

Ég vildi mynda umbúðir, vörur og aðra hluti sem fæst í verslunum, og við notum í okkar daglega lífi. Eftir einhver ár eða áratugi, verður mjög líklega áhugavert að skoða myndirnar aftur og sjá hvernig hversdagurinn hefur breyst. Martin Parr taldi að það fallega við heimildarljósmyndun er að hún verður meira virði eftir því sem hún eldist. Hann segir það tilgangslaust að taka myndir af sól eða tré því það er eitthvað sem breytist aldrei í gegnum aldirnar (Liv Siddall, 2016). Myndirnar gætu og munu líklegast öðlast nýtt sagnfræðilegt og sjálfstætt gildi með árunum. Susan Sontag skrifaði um einmitt þetta:

*„Ljósmynd sem var áhrifarík árið 1900 vegna myndefnisins, snertir okkur líklega í dag vegna þess að hún er frá árinu 1900. Sérstök gæði einstakra mynda, og ætlunin sem liggur að baki þeim, vilja oft drukkna í almennri angurværð okkar gagnvart horfnum tímum. Einnhverskonar fagurfræðileg fjarlægð virðist ævinlega verða til þegar við skoðum ljósmyndir, ef það gerist ekki strax í byrjun, þá gerist það eftir því sem tíminn líður. Tíminn lyftir að lokum flestum ljósmyndum, líka þeim viðvaningslegustu, upp á plan listsköpunar“ (Susan Sontag 2005:55).*

Roland Barthes talar um studium og punctum myndir. Studium myndir eru þær sem við stöldrum við í einhvern tíma og vekja mögulega hjá okkur einhvern áhuga. Punctum myndir hins vegar stinga, vekja hjá okkur hughrif og tilfinningar. Sumar af þessum myndum af kaupmönnum eigi vonandi eftir að vekja hjá fólki studium áhrif og aðrar punctum. Ég er að reyna fá fólk til að staldra við, hugsa og ekki síst finna til. (Barthes, Roland 2010:26-27).

Það mun fylgja texti með nokkrum myndum og þar segi ég aðeins frá sögu hverrar verslunar, en með textanum dýpka ég þessa marglaga myndaröð. Ég vil að bókin vinni saman með texta og myndum, en ekki aðskilið hvort öðru þannig að úr verði sterk heild. Myndirnar halda samt sem áður áfram að vera aðalatriðið og flestar eru það sterkar að þær geta staðið einar án útskýringa.

## 6. Framkvæmd verkefnisins

Ljósmyndirnar eru hjartað í þessu verki og er þar af leiðandi að mestum hluta framkvæmdarverkefni. Það var því nauðsynlegt að halda úti vinnuskýrslu til þess að skilja verkefnið og verkferlið betur. Einnig fannst mér það mikilvægt fyrir mig sjálfa, bæði til þess að gleyma ekki og halda utan um mikilvæg atriði í ferlinu og til þess að skoða í framtíðinni. Ég tel ég að skýrslan komi sér þar að auki vel fyrir komandi menningarmiðlara sem vilja skilja betur hvernig ég fór að því að gera þetta verkefni og fá innblástur í sín verk.

### 6.1. Fyrir aftan búðarborðið

Ég stillti kaupmönnum upp við búðarborðið og tók af hverjum og einum portrett mynd. Þarna voru þeir að sýna okkur með stolti heiminn sinn, sem þeir hafa lagt líf sitt og sál í. Þess vegna vildi ég hafa myndina uppstillta, en um leið draga fram karakterinn. Ég ákvað snemma á ferlinu að taka myndir af öllum kaupmönnum fyrir aftan búðarborðið sitt til þess að hafa sama þemað og rauða þráðinn í verkinu. Einnig tók ég margar myndir af vörum inn í búðinni, óuppstilltum myndum af viðskiptavinum og svo framvegis.



Mynd: Þórhildur Kristjánsdóttir

## 6.2. Aðferðafræði

Eftir nokkra fundi með Þórdísi vorum við báðar sammála um að ég þyrfti að kafa dýpra í efnið. Þá ekki taka bara myndir utan á búðinni og búðareigandanum, heldur einnig af lífinu, viðskiptavinum, vörum og þessum ótrúlega anda sem er inn í flestum verslununum. Okkur fannst því mikilvægt að ég tæki viðtöl við búðareigendurna sem og viðskiptavinum til þess að gefa verkinu meiri dýpt og leyfa áhorfandanum að lifa sig inn í verkið. Eins var Þórdís búin að tala um við mig að það skipti miklu máli að spjalla og kynnst því fólki sem maður væri að fara mynda. Þannig náði maður að draga fram karakterinn og láta fólkinu líða vel í myndatökunni. Ég hafði einnig farið á nokkur námskeið í viðtalstækni þegar ég lærði fjölmiðlafræði í Háskólanum á Akureyri og það kom sér mjög vel.

Ég ákvað að búa mér til ákveðna rútínu fyrir viðtölin og myndatökurnar. Ég byrjaði á því auðvitað að boða komu mína með því að hringja í búðareigendurna. Þar kynnti ég mig með nafni og útskýrði verkefnið mitt fyrir þeim. Svo sagði ég þeim frá því að ég væri með frekar mikinn tækjabúnað og ljós, til þess að þau væru undirbúin undir það. En mörgum hefði örugglega brugðið ef ég hefði mætt á svæðið með allan búnaðinn án þess að vera búin að vara við því. Þegar ég var svo komin á staðinn, byrjaði ég að stilla upp búnaðinum og tók myndir inn í búðinni sjálfri, vörum og öðru slíku og spjallaði við búðareigendurna á meðan. Þá um leið vöndust þeir á að hafa allar þessar græjur og ljósbúnað í kringum sig. Svo tók ég mér gjarnan pásu og fékk mér kaffi með þeim og spjallaði um daginn og veginn. Síðasta myndin sem ég tók inn í hverri búð, voru myndirnar af kaupmönnum fyrir aftan búðarborðið, en ég fann að á þeim tímapunkti voru þau orðin afslappaðri og opnari fyrir myndatökunni. Eftir að ég var búin að pakka græjunum saman, tók ég viðtölin við þau. Þá settist ég niður með þeim og var með upptökugræju með mér til þess að taka þau upp.

Sumir búðareigendur voru mjög stutturðir og gáfu mér ekki miklar upplýsingar á meðan aðrir gátu varla hætt að tala. Það gefur því auga leið að sumar búðir fá meiri umfjöllun en aðrar í bókinni enda einhverjar búðir með mun lengri sögur en aðrar.

### 6.3. Tækniatriði og tækjabúnaður

Eins og minnst var á áðan, gerði ég verkefni um kaupmennina á horninu í ljósmyndakúrs hjá Þórdísi. Í því verki fór ég inn með myndavélina og smellti af myndum án þess að hugsa um lýsingu eða önnur tækniatriði. Ég vildi hinsvegar gera betur fyrir þetta verk og læra á allar stillingar áður en ég byrjaði að mynda.

Þórdís bað mig um að skoða myndir til innblásturs og hugsa um hvernig stíl ég vildi hafa á þessu. Ég vildi fyrst og fremst ná skýrum, skörpum myndum, og draga fram liti. Þórdís tók mig algjörlega í gegn í tækninni og var ég frekar fljót að ná því.

Í myndatökunum var ég með tvö stafræn flöss, en með þeim poppa ég upp litina og skýrleikann. Lýsingin í þessum verslunum er oftast léleg, svo að það var ómissandi að vera með ljós. Einnig fékk ég lánað videoljós sem ég notaði þegar ég tók myndir af hillum og vörum. Ég fékk lánaða víða linsu frá Ármanni, kenara í Hagnýtri Menningarmiðlun, en það var nauðsynlegt þar sem það var frekar lítið rými inn í verslununum. Ég var með þrífót og gikksnúru þegar ég tók myndir með hægum lokarahraða, eins og utan á verslununum. Það er því talsverður munur á myndunum sem ég tók í fyrra verkinu og núna, sem er merki um að ég hafi lært heilmikið og góða kennsluhæfileika Þórdísar.



Tækjalisti:

Tvö stafræn flöss - Beco & Þórdís

Flasshaus - Háskóli Íslands

Canon 60d - Háskóli Íslands

10-22 mm linsa - Ármann Gunnarsson

35 mm linsa - Háskóli Íslands

50 mm linsa - Háskóli Íslands

Video ljós - Háskóli Íslands


Prífótur - Í einkaeigu

Gikksnúra - Í einkaeigu

#### 6.4. Hringferð

Staðirnir sem heimsóttir voru :

(Nánari upplýsingar um verslanirnar má finna í bókinni sjálfri)



## Vesturland:

Bjarnabúð - Bolungarvík

Tálknakjör - Tálknafjörður

Albína - Patreksfjörður

Fjölval - Patreksfjörður

Hólakaup - Reykhólar

Kaupfélag Steingrímsfjarðar

Norðurfjörður

Drangsnes

## Norðurland:

Gunnubúð - Raufarhöfn

Skerjakolla - Kópasker

Ásbyrgi - Ásbyrgi

Mónakó - Bakkafjörður

Hríseyjarbúðin - Hrísey

Verzlun Bjarna Har - Sauðárkrókur

Jónsabúð - Grenivík

Dalakofinn - Laugar

## Austurland:

Nesbakki - Neskaupsstað

Eyrin - Borgarfjörður Eystri

Kauptún - Vopnafjörður

Kaupfélagið - Breiðdalsvík

## Suðurland:

Kjötborg - Reykjavík

Ólabúð - Reykjavík

Kjöthöllin - Reykjavík

Pétursbúð - Reykjavík

Rangá - Reykjavík  
Bjarnabúð - Reykholti  
Minni Borgir - Borg  
Melabúðin - Reykjavík  
Einarsbúð - Akranes  
Búðin á horninu  
Kostur - Njarðvík  
Minni Borgir  
Kjöthöllin

## 6.5. Vinnuskýrsla

### Undirbúningur

Ágúst og september mánuðir fór í skipulagningu, heimildasöfnun og æfingu á tækjum og tólum. Ég og leiðbeinandi minn, Þórdís, hittumst þrisvar á tímabilinu og lögðum línurnar fyrir ferðina. Við tókum heilan dag í að fara yfir myndavélina, ljósin og önnur tækniatriði. Einnig tókum við æfingu á tækjum í tveimur kjörbúðum í Reykjavík, nánar tiltekið Kjöttborg og Pétursbúð.

Það tók sinn tíma að þússla saman ferðinni. Ég þurfti að fylgja ákveðnum tímaramma þar sem ég vildi leggja af stað í enda september og vera komin aftur um miðjan október vegna veðurs og kostnaðar. Ég sendi tölvupóst á flest allar bílaleigur í Reykjavík þar sem ég útskýrði fyrir þeim verkefnið og sagðist vera leita af styrktaraðila. Ég bað þá um að gefa mér tilboð og í staðinn bauð ég þeim að taka myndir. SIXT bílaleiga gaf mér á endanum besta tilboðið. Þar með hafði ég ákveðið að leggja af stað 28. september og koma heim 10. október. Næst var þá að finna þær búðir sem ég ætlaði að heimsækja og boða koma mína. Ég auglýsti á Facebook eftir búðum og hringdi í upplýsingaþjónustu hjá hverjum landshluta fyrir sig. Það voru aðeins örfáar búðir sem ég fékk ekki upplýsingar um að væru til. Ég gerði samt sem áður ráð fyrir því að það myndu bætast einhverjar búðir við á leiðinni. Einnig þurfti ég að redda gistingu og ákveða hversu lengi ég myndi vera á hverjum stað. Ég auglýsti eftir gistingu á Facebook, þar sem ég vonaðist til þess að vinir og ættingjar myndu bjóða mér að vera hjá sér. Það gekk vonum framár og sem dæmi fékk ég hýsingu hjá foreldrum vinkonu

minnar á Bolungarvík, gömlum og nýjum skólafélögum, vinum frænku minnar og þar fram eftir götunum. Á þremur stöðum þurfti ég að kaupa mér ódýra gistingu á farfuglaheimilum. Ég var heppin að eiga afmæli á þessu tímabili og það ég vini og ættingja að gefa mér ferðapening í afmælisgjöf. Eftir margar símhringingar, tölvupósta og höfuðklór tókst mér að púsla þessu saman enda er ég vön að skipuleggja myndatökur fyrir aðra og kom það sér mjög vel þar sem ferðin gekk eins og í sögu.

### 27. september:

Það var mikil spenna og bland af tilhlökkun og kvíða þennan dag, daginn fyrir ferðina. Ég þurfti mikið að snúast og koma í hús, öllu því sem ég þurfti að hafa með í ferðina. Þórdís var spennt fyrir mína hönd og vildi að allt gengi upp, þannig að hún ákvað að taka æfingu númer tvö með mér í Pétursbúð með öllum græjunum. Það kom sér vel og ég varð öruggari fyrir ferðinni. Samt sem áður var ég ofsalega kvíðin, enda mikið í húfi. Ég endaði svo kvöldið á að baka og útbúa nesti, fara yfir græjurnar og pakka. Um klukkan 23.00 var ég loks búin að öllu og fór þá fljótlega að sofa.

### 28. september:

Þá var komið að því að leggja af stað. Ég hafði hugsað mér að leggja af stað snemma. Það kom hinsvegar upp að bíllinn sem ég fékk að láni hjá bílaleigunni var ekki á vetrardekkjum og ég gat ekki hugsað mér að fara hringinn í kringum landið á sumardekkjum. Það tók 2 klukkustundir að græja það og þá gat ég lagt af stað. Ég keyrði á Strandir, nánar tiltekið á Norðurfjörð, sem tók um 4 og hálfan tíma. Ég rétt náði fyrir lokun en konan sem rekur búðina þar var svo indæll að halda opnu fyrir mig á meðan ég kláraði að mynda. Eftir það tók ég smá viðtal við hana og var búin um 18:00. Ég sá ekki fram á að ég gæti farið í aðra búð þennan dag svo að ég skellti mér í Krossneslaug, sem er rétt fyrir ofan bæinn. Ég var alveg ein í lauginni og mér fannst það vera mögnuð tilfinning. Eftir það keyrði ég á Hólmavík og var komin þangað um 21.00 þar sem ég gisti hjá vinkonu frænku minnar.



### 29. september:

Vaknaði kl 8.00, fékk mér morgunmat og sendi Þórdísi myndir frá deginum áður. Keyrði á Drangnes sem er um hálf tíma keyrsla frá Hólmanvík. Þar er búð sem er útibú frá kaupfélagi Steingrímsfjarðar. Ég tók mér frekar langan tíma í þeirri búð, en ég var þar í um það bil 5 klukkustundir, en ég var enn að venjast tækjunum. Samkvæmt planinu ætlaði ég að fara líka í kaupfélagið á Hólmanvík, en sá fram á að ég gæti það ekki. Ég ákvað frekar að vera ekki í alltof miklu stressi og gefa mér góðan tíma í þessari búð til þess að ná góðum myndum. Ég var ánægð með þá ákvörðun, enda átti ég síðan eftir langan akstur til Bolungarvíkur. Ég var komin á Ísafjörð um 20.00, þar settist ég inn á kaffihús og fór yfir myndirnar og sendi Þórdísi. Síðan keyrði ég á Bolungarvík þar sem ég gisti heima hjá foreldrum vinkonu minnar.

### 30. september:

Vaknaði kl 8.30 og fékk mér morgunmat með fólkinu sem ég gisti hjá og spjallaði aðeins við þau. Ég fór svo strax til Stefaníu í Bjarnabúð. Sú búð hefur verið starfrækt alveg frá árinu 1927, með fjórum kaupmönnum. Það var ótrúlegt að koma þangað inn, en búðin er lifandi safn í starfandi verslun. Ég tók mér einnig mjög góðan tíma þar inni, um 5 klukkustundir þar sem búðin var stór og á tveimur hæðum. Eftir það tók ég viðtal við hana og lagði svo af stað til Bíldudals þar sem ég gisti hjá vinkonu minni sem var með mér í menntaskóla. Ég varð mjög hissa á því hvernig vegirnir eru þessa leið, það var eins og að koma aftur á fornöld og stundum varð ég frekar hrædd. Þetta var samt sem áður mjög falleg leið. Ég var komin um 21.00 á Bíldudal og fór heim til vinkonu minnar sem var búin að baka pizzu handa okkur og fór síðan snemma að sofa eftir langan dag.

### 1. október:

Ég sá fram á að þetta yrði langur dagur, þar sem ég þurfti að heimsækja og mynda þrjár búðir. Ég byrjaði daginn á því að fara í sund og keyrði síðan yfir á Tálknafjörð. Þar var búð sem heitir Tálknakjör. Ég gaf mér ekki eins mikinn tíma í henni eins og hinum sem ég hafði heimsótt, en aðeins um 2 klukkustundir. Eftir það fór ég inn á Patreksfjörð en þar eru tvær búðir. Ein heitir Albína, sem ég gaf

mér góðan tíma í, en um 3 klst og hin heitir Fjölval. Vinkona mín sem ég gisti hjá á Bíldudal rekur Fjölval. Ég tók aðeins mynd utan á henni og af vinkonu minni fyrir aftan kassann. Ég ákvað að sumum búðum, sem hafa töluvert lengri sögu, þyrfti ég að gefa mér meiri tíma í en aðrar. Um kvöldið var veisla á Patreksfirði og fékk ég lambafille og bernaise, sem pabbi vinkonu minnar bauð upp á. Ég keyrði síðan aftur á Bíldudal og var komin þangað um 22.00 og fór beint að sofa.

## 2. október.

Þar sem það var sunnudagur, voru allar búðir lokaðar og fór þessi dagur eingöngu í akstur. Ég keyrði í 8 klukkustundir alla leið á Sauðárkrók. Ég var komin á gistiheimilið þar um 17.00 og fór þá yfir myndirnar sem ég hafði tekið og sendi Þórdísi. Síðan slappaði ég af og horfði á sjónvarpið og fékk mér að borða.

## 3. október.

Vaknaði kl. 08.00 og fór til hans Bjarna í Verzlun H. Júlíussonar. Það var dásamlegt að koma inn í þá búð, en hún hefur verið starfandi frá árinu 1916. Hann er annar kaupmaðurinn í þeirri verslun. Ég gaf mér góðan tíma þar inni enda margt sem ég gat tekið myndir af. Eftir að ég var búin að mynda, vildi Bjarni ekki að ég færi og bauð mér út að borða og á rúntinn. Hann er mikill bíladellu karl og fannst ekki leiðinlegt að taka sæta stelpu með sér á rúntinn, eins og hann orðaði það. Ég lagði af stað frá Sauðárkróki um 16.00 og skipti ég um dekk fyrir eldri konu á miðri heiði á leiðinni. Ég kom svo við á Siglufirði til þess að heimsækja ömmu mína. Það var gaman að koma aftur á Siglufjörð, mér líður alltaf eins og ég sé komin heim. Pabbi minn er þaðan og margir ættingjar mínir og var ég þar öll sumur þegar ég var lítil. Um kvöldið keyrði ég inn á Akureyri, fann mér kaffihús og fór yfir myndir og sendi Þórdísi. Samnemandi minn í hagnýtri menningarmiðlun leyfði mér að gista hjá sér á Akureyri.

4. október.

Ég sá fram á langan dag en ég keyrði í Grenivík og heimsótti Jón í Jónsabúð og gaf mér um 2 klukkustundir þar. Eftir það tók ég ferjuna alla leið á Hrísey, en þar er lítil búð sem íbúar eyjunnar eiga saman. Það var upplifun að koma til Hríseyjar, en þangað hafði ég aldrei komið.

5. október.

Mig hafði alltaf langað til þess að fara á Mývatn, svo að ég gaf mér tíma til þess að keyra þangað og kíkja í böðin. Eftir það keyrði ég á Lauga, en þar er lítil verslun sem ég náði góðum myndum í. Þau bentu mér á verslun sem er í Ásbyrgi, sem ég hafði aldrei heyrt um. Ég brunaði því þangað og rétt náði að gefa mér tíma í henni áður en lokaði. Eftir það keyrði ég á Raufarhöfn, þar sem ég gisti ein á risastóru gistiheimili og varð ég þínu smeyk.

6. október:

Þennan dag heimsótti ég fjórar búðir, en það voru tvær búðir sem ég hafði ekki gert ráð fyrir í skipulaginu og frétti af frá heimamönnum. Ég byrjaði í Gunnubúð á Raufarhöfn. Ég mátti ekki fara inn með nein ljós, en konan þar var ekki beint vel við myndatökuna og var næstum því búin að hætta við. Ég náði að sannfæra hana á endanum og sagði að hún mætti bara henda mér út ef henni fyndist þetta óþægilegt. Henni fannst þetta ekki eins hræðilegt og hún hafði ímyndað sér það, svo ég gat gefið mér 2 klst í þeirri búð. Þaðan keyrði ég á Kópasker og myndaði í búð sem heitir Skerjakolla. Þar hittu ég tvo menn sem bentu mér á búð á Bakkafirði og Vopnafirði. Ég gat því miður ekki gefið mér eins mikinn tíma þar eins og ég hefði viljað, en ég þurfti að sætta mig við það. Klukkan var orðin því orðin margt þegar keyrði ég alla leið á Neskaupsstað, eða nánar tiltekið á sveitabæ sem er þar fyrir utan. Það tók 4 klukkustundir og ég var ekki komin fyrr en um 23.00. Ég lenti í rosalegri þoku á heiðinni á leiðinni á Neskaupsstað og ég hélt ég yrði ekki eldri.

## 7.október:

Austurlandið þekkti ég minnst af landshlutunum og misreiknaði ég mig aðeins. Ég ætlaði að fara á Borgarfjörð Eystri daginn eftir, en þá þurfti ég að keyra klukkutíma þangað og aftur tilbaka. Ég hefði því í rauninni átt að gista á Borgarfirði Eystri. En hvað um það, ég var samt ánægð að geta séð þetta landsvæði í birtu, þar sem ég hafði keyrt í myrki kvöldinu áður. Austurlandið er stórbrotið svæði sem er eins og að keyra inn í töfraland. Ég gaf mér tíma til þess að mynda náttúruna á leiðinni og var komin um 14.00 á Borgarfjörð Eystri í búðina þar. Þar er búðin svo lítil að hún er eins og herbergi. Ég gisti svo aftur á sveitabænum. Ég hafði verið ein fyrra kvöldið, en þetta kvöld, var einn ungverskur strákur og hjón frá Sviss. Ég spjallaði heillengi við strákinn frá Ungverjalandi, en hann var einn á ferð og var líkt og ég, að fara hringinn í kringum landið. Ég komst svo að því að hann er leikari og þjóðþekktur í Ungverjalandi og í öllum hans frístundum reynir hann að ferðast. Ég sagði honum frá verkefninu mínu og honum leist svo vel á það að hann vildi skrifa grein um það í fjölmiðlunum í Ungverjalandi.

## 8.október:

Nesbakki, Breiðdalsvík. Keyrði 7 tíma alla leið í Hveragerði og gisti þar.

## 9.október:

Síðasti dagur hringferðarinnar og ég heimsótti Bjarnabúð í Reykholti.

Þetta var yndisleg ferð í alla staði, landið okkar er stórbrotið og ég lenti í nýjum ævintýrum á hverjum degi. Ég hefði ekki trúað því fyrir einhverju síðan ef mér hefði verið sagt, að ég ætti eftir að fara hringinn í kringum landið með fullan bíl af ljósmyndagræjum og ljósum. Ég valdi greinilega hárréttan tíma til þess að fara, en það voru ekki margir túristar á ferð. Ég var á hápunkti haust-tímabilsins, og var Ísland fallett í haustbúningnum. Veðrið var fallett, kindurnar léku sér úti og naut ég mín í botn. Ég er ekki frá því að okkar stórbrotna land og náttúra hafi gefið mér innblástur og orku í verkið mitt.

## Okt- Nóv

Fór í að flokka og skoða myndirnar sem ég hafði tekið. Það tekur á andlega á að velja myndir, en þetta voru rúmlega 1000 myndir sem ég þurfti að fara yfir.

## Ferð nr. 2, Reykjavík og Suðurland

14. nóvember: Kjötborg & Pétursbúð

15. nóvember: Háteigskjör

16. nóvember: Rangá

17. nóvember: Minni Borgir

18. nóvember: Búðin á horninu & Kostur, Njarðvík

19. nóvember: Ólabúð & Melabúð

20. nóvember: Verslun Einars Ólafssonar, Akranesi

21. nóvember: Ólafsvík

## Desember og Janúar, Photoshop og flokkun mynda:

Ég tók mér tvo mánuði í að stúdera og læra á Photoshop. Þórdís kom til mín og kenndi mér á forritið og gaf mér svo aðgang að fyrirlestrum á [lynda.com](http://lynda.com). Fyrirlestrarnir á þeirri síðu eru rosalega góðir og björguðu mér alveg. Ég fór einnig yfir myndirnar sem ég hafði tekið í ferð nr. 2 og flokkaði þær, ásamt því að æfa nýju Photoshop taktana á myndunum mínum. Þar sem um ræðir frekar stórt lokaverkefni, ákvað ég að taka mér lengri tíma í það og vanda vel til verka og ákvað að skila vorið 2017.

## Febrúar & mars

Í þessum mánuðum byrjaði ég að skrifa greinargerðina og afla mér heimilda. Ég hélt einnig áfram að vinna og flokka myndirnar. Í mars hélt ég fjóra fyrirlestra fyrir nemendur Þórdísar í Menntaskólanum við Hamrahlíð og Fjölbautarskólanum í Breiðholti. Það var krefjandi en á sama tíma góð æfing. Það að tala um verkefnið upphátt fyrir framan fólk gaf mér aukinn kraft, en ég hafði verið svo mikið ein með það.

Ferð nr. 3, apríl

Í þessari ferð tók ég restina af búðunum, sem ég hafði ekki heyrt um eða fundið þegar ég fór hringferðina. Það voru reyndar bara tvær verslanir, Árborg í Skeiða og Gnúpverjahreppi og Kjöthöllin í Reykjavík sem ég heimsótti. Það var á dagskránni að fara til Vestmannaeyja og norður á land en því miður gafst ekki tími eða var til peningur fyrir það í þetta sinn. Myndirnar komu rosalega vel út frá þessari ferð og gat ég séð hversu mikla æfingu ég hef fengið á ferlinu í ljósmynduninni.

Eins og sést þá voru tókudagarnir margir og langir. Ég ákvað að skipta þeim upp í þrjú tímabil til þess að leyfa þessu að anda á milli. Í millibílinu skoðaði ég myndirnar og fór yfir hvað ég gæti gert betur. Ég var mjög sátt með þá ákvörðun að skipta þessu svona upp til þess að fá sjálf ekki leið á ferlinu og geta komið með ferskan andblæ inn í næstu tókur.

Á þessum tíma valdi ég einnig lokaúrtakið af myndum fyrir bókina, byrjaði að setja bókina upp í Blurb, sem er forrit þar sem maður setur upp ljósmyndabók sjálfur og lætur prenta út fyrir sig. Það tók frekar mikið á að velja úr myndunum, en á sama tíma var ég nokkuð örugg með hvaða myndir ég vildi hafa. Einnig byrjaði ég að skrifa textana með myndunum og klára greinargerðina.

Maí

Fínþúss og skil 5. maí.

## 6.6 Vandamál

Í nokkrum verslunum létu sumir kaupmenn mig ekki vita, fyrr en eftir að ég var búin að taka myndirnar, að þeir væru að reka verslunina með makanum sínum. Þannig að það vantar nokkra aðila á myndirnar, en ég minntist samt á þá í textanum sem stendur við hliðina á myndunum. Þegar ég fer með verkefnið lengra stendur til að taka nokkrar myndir aftur.

Annars komu ekki upp mörg vandamál í þessu verkefni.

## 6.7. Kostnaður + styrkumsóknir

Bílaleigubíll, fyrsta ferð - 80.299 kr

Bílaleigubíll, önnur ferð - 18.000 kr

Bílaleigubíll, þriðja ferð - 23.200 kr

Stafrænt ljós - 15.365 kr

Bensín - 72.000 kr

Gisting - 32.000 kr

Matur - 57.351 kr

Ýmis annar tækjabúnaður og kostnaður - 4568 kr

Bækur - 10.000 kr

Prentun - 24.173

*Samtals - kr: 336.956*

### Styrkir:

Ég sótti um styrk hjá Kaupmannasamtökunum þann 22. september 2016. Ég byrjaði á því að hringja í þau og lýsti verkefninu mínu. Þau sögðu mér að þau væru ekki að styrkja neitt í augnablikinu, þá spurði ég hvort ég mætti ekki senda þeim póst með nánari upplýsingum. Ég fékk svar frá þeim nokkrum dögum síðar og samþykktu þau að styrkja verkefnið um 100.000, þegar því væri lokið.

## 6.8. Útgáfa

Eftir útskrift er á dagskránni að sækja um fleiri styrki og markmiðið er að gefa bókina út. Jóhann Ágúst, samnemandi minn í hagnýtri menningarmiðlun, hefur komið að útgáfumálum og ætlar að hjálpa mér það. Ég hugsaði að það væri betra að nýta tímann í að einbeita mér að því að klára verkefnið til mastersprófs áður en ég talaði við útgáfur. Þá kæmi ég sterkari inn á fundi við útgáfur og gæti sýnt þeim eintakið af bókinni sem ég lét prenta út. Jafnframt stendur til að halda sýningu á völdum ljósmyndum.

## 7. Lokaorð

Nú hefur þetta verkefni um kaupmannin á horninu fylgt mér í rúmlega ár og er afurðin 234 blaðsíðna ljósmyndabók. Þessi menningarheimur fer fljótt hverfandi, en fimm verslanir hafa lokað á þessu tímabili sem ég hef unnið verkið. Ég vissi að þetta væri deyjandi stétt, en mig óraði ekki fyrir því að þetta margar verslanir myndu hverfa á svo stuttum tíma. En eftir að hafa kynnst öllu þessu dásamlega fólki, á ég erfitt með að ímynda mér samfélagið án kaupmannsins á horninu. Þau leggja líf sitt og sál í starfið og þannig er hægt að lesa karakterinn í hverri verslun fyrir sig. Til dæmis ægir öllu saman hjá Kjötborgarbræðrum og mikið menningarlíf hefur skapast í versluninni. Þar hafa verið tekin upp tónlistarmyndbönd og oft hittir maður listamenn þar á spjalli. Í verslun Einars Ólafssonar á Akranesi er vörunum snyrtilega og skipulega upp raðað og klæðast allir einkennisfatnaði. Hjá Gunnu í Gunnubúð á Raufarhöfn ríkir „skipulagt kaos“ og viðskiptavinirnir vilja ekki með nokkri móti að hún breyti því. Kaupmennirnir eiga það þó sameiginlegt að vera í persónulegum samskiptum við viðskiptavini sína og sinna ákveðnu félagslegu hlutverki fyrir nærumhverfið sitt. Það var yndislegt að verða vitni að samtölum sem fram fóru á milli viðskiptavina og kaupmanna. Á einni stund voru rædd tilfinningamál, en á öðrum pólitík eða mál bæjarfélagsins. Þarna ríkir greinilega oft mikil vinátta, trúnaður og traust. Það hefur myndast ákveðinn menningarheimur í kringum kaupmannin á horninu og datt ég algjörlega inn í hann. Kaupmennirnir eru hluti af því mannlega, persónulega í samfélaginu og þannig tengdist ég þeim og verkefninu tilfinningalegum böndum.

Frá því ég byrjaði á þessu verkefni í mars 2016, þangað til ég myndaði síðustu verslunina í apríl 2017, hefur mikið vatn runnið til sjávar. Ég náði markmiðum mínum, að mynda alla kaupmenn á horninu sem eftir eru hér á landi. Þetta stóra verkefni gaf mér tækifæri til þess að halda áfram að skapa og framkvæma hugmyndirnar mínar. Ég þurfti stundum að minna sjálfa mig á að ferlið sjálft skiptir jafn miklu máli og útkoman. Það var oft erfitt, fyrir mig sem er oft óþolinmóð, að vera ekki með neitt áþreifanlegt í höndunum fyrr en alveg í lokin. Ég naut samt ferðalagsins, það hefur þroskað mig og ég hef öðlast nýja þekkingu. Ég get fullyrt að ég horfi á samfélagið okkar öðrum augum. Þó ég sé



búin að skila inn verkefninu til skólans, er því þar með ekki lokið. Ég mun halda áfram með það, til dæmis með því að halda sýningu á völdum myndum. Takmarkið er síðan að gefa bókina út, til þess að kaupmaðurinn haldi áfram að lifa með okkur og komandi kynslóðum.

## Heimildaskrá

Barthes, Roland. 2010. *Camera Lucida: Reflections on Photography*. Richard Howard þýddi. Hill and Wang, New York (Upphaflega gefið út í Frakklandi: Editions du Seuil, 1980).

David Inglis. 2005. *Culture and everyday life*. Routledge, London

Guðjón Friðriksson. 1987. „Sjón og Saga. Að lesa í ljósmynd.“ *Ný Saga. Tímarit Sögufélags* 1:67-69.

Highmore, Ben. 2003. *Everyday Life and Cultural Theory*. Routledge, London.

Jón Páll Halldórsson. 2007. *Kaupmaður á hverju horni*. Sögufélag Ísfirðinga.

Kristín Svava Tómasdóttir. 2014. *Neyzlan*. Árbæjarsafn, Reykjavík.

Lýður Björnsson. 2005. *Saga verslunar á Íslandi*. Viðskiptaráðuneyti, Reykjavík.

Lýður Björnsson 1992. *Afmælisrit V.R. Vaka Helgafell*, Reykjavík.

Parr, Martin. 2016. *Real Food*. Phaidon, China.

Sontag, Susan. 2005. Hermann Stefánsson þýddi, í *Að sjá meira*, Hjálmar Sveinsson ritstj., Atvik 10, ReykjavíkurAkademían, Reykjavík.

Sontag, Susan. 2005. „Hellir Platóns“, Hjálmar Sveinsson þýddi, í *Að sjá meira*, Hjálmar Sveinsson ritstj., Atvik 10, ReykjavíkurAkademían, Reykjavík.

Sontag, Susan. 2005. „Myndheimurinn“, Gunnar J. Árnason þýddi, í *Að sjá meira*, Hjálmar Sveinsson ritstj., Atvik 10, ReykjavíkurAkademían, Reykjavík.

## Vefheimildir

Árni Daníel Júlíusson. „Hver er saga bænda á Íslandi?“ *Vísindavefurinn*, 6. október 2014. Sótt 2. maí 2017. <http://visindavefur.is/svar.php?id=65052>.

Benedikt Gröndal. 1953. „Um hafnaleysi á Hellissandi og sjálfsafgreiðslubúðir í Svíþjóð“. *Samvinnan* 47:12. Sótt 2. maí 2017. [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=291598&pagelId=4286354&lang=is&q=sj%2525E1lfsafgrei%2525F0slub%2525FA%2525F0ir](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=291598&pagelId=4286354&lang=is&q=sj%2525E1lfsafgrei%2525F0slub%2525FA%2525F0ir)

Bónus. *Um Bónus*. Bónus e.d. Sótt 18. nóvember, 2016. <http://www.bonus.is/um-bonus/>

David Zwirner Books. „William Eggelston: A Cor Americana“. *David Zwirner Books* e.d. Sótt 3. febrúar, 2016. <https://davidzwirnerbooks.com/product/william-eggelston-a-cor-americana>

Eyþór Ívar Jónsson. 2006. „Hið velmegandi samfélag“. *Vísbending*. *Vikurit um viðskipti og efnahagsmál* 24: 2-4. Sótt 2. maí 2017. [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pagelId=3144715&lang=i](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pagelId=3144715&lang=i)

Feeney, Mark. 2011. „William Eggelston's Big Wheels“. *Smithsonian*, ágúst 2011. Sótt 3. febrúar, 2016. <http://www.smithsonianmag.com/arts-culture/william-eggelstons-big-wheels-17143399/>

Geneviève L. Lavigne, Robert J. Vallerand, and Laurence Crevier-Braud. 2011. *The Fundamental Need to Belong: On the Distinction Between Growth and Deficit-Reduction Orientations*. *Personality and social bulletin*. Sage. Sótt 12. apríl, 2017. <http://selfdeterminationtheory.org/SDT/documents/2011-Lavigne-PSPB.pdf>

Morgunblaðið. „Ríkur af minningum eftir 42 ár í verslunarrekstri“. *Morgunblaðið*, 27.júlí 1997. Sótt 2. maí 2017. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/345321/>

Róbert F. Sigurðsson. „Hvað voru skömmtunarárin?“ *Vísindavefurinn*, 23. nóvember 2009. Sótt 2. maí 2017. <http://visindavefur.is/svar.php?id=51086>.

Siddall, Liv. „Unseen images of Martin Parr ´s everyday England“. *Dazed*, 2016. Sótt 5. janúar, 2016. <http://www.dazeddigital.com/photography/article/30400/1/unseen-images-of-martin-parr-s-everyday-england>

Valdimar Th. Hafstein. „Menningararfur er nýr af nálinni“. *Morgunblaðið*, 8.apríl 2006. Sótt 15. apríl, 2016. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1076238/>

Örlygur Sigurðsson. 1983. „Kaupmaðurinn á horninu“. *Lesbók Morgunblaðsins* 31 (september):4-15. Sótt 2. maí 2017. [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=242153&pageld=3303143&lang=is&q=%E1%20horninu%20%D6rlygur](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=242153&pageld=3303143&lang=is&q=%E1%20horninu%20%D6rlygur)